

**Nd.**

**161. Lög**

um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af sild o. fl.].

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.).

1. gr.

1. gr. l. nr. 52 8. sept. 1931 hljóði svo:

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu (108—120 l.) saltaðrar eða kryddaðrar síldar, hverskonar sem er, skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00.

2. gr.

Orðin „fiskmjöli þurkuðu“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15 14. júní 1929 falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.